



FUNDAGERÐ SKIPULAGS- OG BYGGINGARNEFNDAR

Mánudaginn 3. október 2011, kl. 16⁰⁰, var fundur haldinn í skipulags- og byggingarnefnd Skagastrandar. Á fundinn voru mættir: Vilhelm Harðarson, Svenný H. Hallbjörnsdóttir, Magnús B. Jónsson, Björn Hallbjörnsson, Ari Jón Þórsson, Ingvar Gýgjar Sigurðarson og Bragi Þór Haraldsson, byggingarfulltrúi og Hafsteinn Pálsson slökkviliðsstjóri.

Formaður setti fundinn og stjórnaði honum.

1. Deiliskipulag Hólaness:

a) Athugasemd við deiliskipulagið:

Fyrir fundinum lá athugasemd frá eigendum Miðness I og II þar sem þeir fara fram á að lóðamörkum verði breytt skv. uppdrætti sem lagður var fram með erindinu. Óskað er eftir að lóðamörkin færast austur fyrir afmarkaðan garð við austurhlið hússins og til suðurs um einn og hálfan metra. Skipulagsnefndi fór yfir athugasemdirnar og taldi áhrif þeirra á deiliskipulagið eða því sem það inniber óveruleg og samþykkti breytinguna. Jafnframt samþykkt gera breytingu á göngustíg austan Miðness í samræmi við breytt lóðamörk.

b) Afgreiðsla skipulagsnefndar:

Tekið var fyrir deiliskipulag Hólaness. Deiliskipulagið var auglýst frá 27. júlí 2011 með athugasemdarfresti til 16. september 2011. Ein athugasemd barst á auglýsingatíma. Nefndin hefur fjallað um athugasemdina og telur að hún hafi ekki efnisleg áhrif á deiliskipulagið og vísar deiliskipulagstillögunni til sveitarstjórnar sem afgreiði það til endanlegrar samþykktar skv. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

2. Einbúastígur 8

Fyrir fundinum lá erindi Olíudreifingar ehf sem sækir um leyfi til að rífa olíugeymi og lagnir á lóðinni Einbúastíg 8. Í bréfinu kemur fram að Olíudreifing hefur samið við Hringrás hf um að annast verkið.

Skipulags og byggingarnefnd samþykkti heimild til að rífa olíugeyminn að eftirfarandi skilyrðum uppfylltum:

- a) að sýnt sé fram á að eignin sé veðbandalaus
- b) að verktaki hafi starfsleyfi frá heilbrigðisfulltrúa til að framkvæma verkið
- c) að gengið verði frá lóð þannig að öll mannvirki verði fjalægð og frágangur verði í samræmi við kröfur um mengunarvarnir.

3. Samantekt um viðbrögð við bréfum til fasteignaeigenda.

Fyrir fundinum lá samantekt um hvaða bréf hafi verið send út vegna kröfu byggingaryfirvalda til að gera úrbætur á fasteignum. Í samantektinni kemur fram hvaða viðbrögð hafi verið hjá hverjum og einum fasteignaeiganda. Nefndarmenn ræddu fyrirbyggjandi upplýsingar og samþykktu að senda ítrekun til þeirra sem engin viðbrögð hafa sýnt, hvorki með aðgerðum til úrbóta eða samskiptum vegna bréfanna.



4. Staðfesting lóðamarka:

Fyrir fundinum lágu yfirlitsmyndir af nokkrum byggingarreitum. Ingvar Gýgjar greindi frá tillögum að lóðamörkum nokkurra eigna sem hafa verið mældar inn með það að markmiði að endurnýja eða endurgera lóðasamninga. Nefndin yfirfór fyrirbyggjandi gögn og fékk skýringar á forsendum lóðamarka en staðfesti síðan eftirfarandi lóðamörk samkvæmt yfirlitsblöðum yfir byggingarreitina og lóðirnar:

- a) Ránarbraut 2-10 óbyggðar lóðir
- b) Einbúastígur 5
- c) Oddagata 18, spennistöð og iðnaðarlóð
- d) Hólabraut 19-31
- e) Hólabraut 20-30

Nefndin ræddi nauðsyn þess að deiliskipuleggja þá reiti þar sem óbyggðar lóðir eru en ekki hefur verið gert deiliskipulag.

- f) Erindi vegna lóðamarka að Fjörubraut 7

Fyrir fundinum lá erindi Sigurjóns Guðbjartssonar sem fyrir hönd Víkur útgerðar ehf fer þess á leit við nefndina að lóðamörkum verði hliðrað um 2 m til norðurs og fjarlægð lóðamarka frá norðurhlið húss verði 4,8 m í stað 2,8 m.

Erindinu frestað og ákveðið að fá mælingu á lóðinni og nærliggjandi lóð.

5. Mál til kynningar frá byggingarfulltrúa.

Bragi Þór Haraldsson, byggingarfulltrúi lagði fram til kynningar að óskað hafi verið eftir heimild til að byggja svalir og tröppur út í bakgarð að Hólabraut 31. Hann hafi samþykkt erindið.

6. Önnur mál

Ekki voru tekin fyrir mál undir þessum lið.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl 17²⁵

Vilhelm Harðarson,

Svenný H. Hallbjörnsdóttir,

Magnús B. Jónsson,

Björn Hallbjörnsson,

Ari Jón Þórsson,

Ingvar Gýgjar Sigurðarson

Bragi Þór Haraldsson,

Hafsteinn Pálsson